

29.10.2020

ÓNÝTT TÆKIFÆRI Í UPPLÝSINGA- OG FJARSKIPTATÆKNIÐNAÐI Á ÍSLANDI

Grein upplýsinga- og fjarskiptatækniðnaðar (UT) hefur vaxið hratt hér á landi á undanförunum árum og stendur atvinnugreinin undir talsverðum hluta landsframleiðslunnar. Greinin hefur byggst að stórum hluta upp á útflutningi en útflutningsverðmæti hennar eru veruleg og hafa farið vaxandi á undanförunum árum. Útreikningar gefa til kynna að verðmætasköpun og launakostnaður á hvern launþega í upplýsingatækni sé heilt yfir hærri en í öðrum atvinnugreinum. Þrátt fyrir að greininni hafi vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum og hún hlotið aukið vægi á innlendum atvinnumarkaði er umfang greinarinnar hér á landi ennþá lítið í samanburði við önnur Evrópuríki. Ísland stendur skör neðar en þau lönd sem við berum okkur helst saman við þegar kemur að útflutningsverðmæti, hlutdeild í landsframleiðslu og fjölda einkaleyfisumsókna. Þar liggja tækifærin og þau þarf að grípa.

Tækifæri er til að efla upplýsinga- og fjarskiptatækniðnaðinn og skapa hér á landi verðmæti til jafns við það sem gengur og gerist annars staðar í Evrópu. Hversu vel tekst til í þeim efnum hvílir m.a. á samkeppnishæfni greinarinnar til framtíðar lítið auk þess sem skapa þarf hvata fyrir íslensk upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrirtæki til að tryggja hugverkarétt sinn með skráningu einkaleyfa hér á landi.


Það er mat Samtaka iðnaðarins að frekari vöxtur sé mögulegur og að til staðar sé ónýtt tækifæri til atvinnusköpunar og öflunar gjaldeyristekna í íslenskum upplýsinga- og fjarskiptatækniðnaði. Í ljósi aðstæðna í hagkerfinu vegna COVID-19 þarf að hafa hraðar hendur og móta farveg fyrir áframhaldandi vöxt greinarinnar og frekari fjölgun verðmætra starfa.

- Fjöldi starfandi í UT jókst um 24% á árunum 2010-2020. Launagreiðendum í UT fjölgaði um 57% á sama tímabili.
- Velta fyrirtækja í UT jókst um 70% á árunum 2010-2019 á verðlagi ársins 2020.
- Hlutdeild UT í landsframleiðslu jókst frá 2,9% í 3,4% á árunum 2010-2018.
- Útflutningur í UT jókst um 87% á árunum 2013-2018.
- Atvinnugreinin skapar verðmæt störf og er framleiðni almennt meiri en í einkageiranum. Að sama skapi er launakostnaður á hvern launþega á ári hærri en heilt yfir innan einkageirans.
- Íslendingar sóttu aðeins um 1,7 UT einkaleyfi á ári að meðaltali árin 2011-2017 eða um 5 einkaleyfi á hverja milljón íbúa á meðan evrópska meðaltalið er 19.

MIKIL FJÖLGUN FYRIRTÆKJA OG STARFANDI


Fyrirtækjum í UT fjölgaði um 57% á árunum 2010-2020 eða um 4,5% að meðaltali á milli ára á tímabilinu. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 voru um 620 launagreiðendur í UT og er það fjölgun um 1,5% frá sama tíma í fyrra. Það gefur til kynna að hægt hafi á fjölgun fyrirtækja í greininni og hefur fjölgunin milli ára ekki verið minni frá 2009. Nú eru ríflega 4% allra fyrirtækja skráð í greininni og hefur þeim fjölgað umfram það sem gerðist í einkageiranum í heild á sama tíma. Vöxtur greinarinnar hefur á liðnum árum hækkað hlutdeild UT af einkageiranum um 0,7 prósentustig, úr 3,7% árið 2010 í 4,4% í ársbyrjun 2020.

Fjöldi starfandi í greininni hefur að sama skapi aukist nokkuð, eða um 24% yfir sama tímabil. Þó hefur hlutdeild starfandi í UT farið lækkandi frá árinu 2011. Nú eru um 6.000 starfandi í greininni en þeim hefur fækkað lítillega frá árinu 2018. Fyrir það hafði verið samfelld fjölgun frá árinu 2010.




AUKIN VELTA OG HLUTDEILD Í LANDSFRAMLEIÐSLU

Velta fyrirtækja í UT jókst um 70% á árunum 2010 til 2019 eða frá 134 milljörðum í 228 milljarða króna á verðlagi ársins 2020. Á milli áranna 2018-2019 jókst velta í greininni um 2,5%, en það er minnsta aukning á milli ára síðan 2009-2010. Hlutdeild greinarinnar í heildarveltu einkageirans jókst jafnframt úr 3,8% í 5% á árunum 2010-2019. Velta í UT óx því hraðar en á einkamarkaði.



Ef horft er til verðmætasköpunar í greininni, þ.e. hversu miklu greinin skilar til launþega og fjármagnseigenda má sjá að hlutdeild UT í landsframleiðslu hefur aukist frá 2,9% árið 2010 í 3,4% árið 2018. Framleiðsluvirði UT hefur aukist um 8,2% að meðaltali á ári frá 2010-2018. Á milli 2017 og 2018 nam aukningin um 14%.

Hlutdeild upplýsinga- og fjarskiptatækni í landsframleiðslu




ÚTFLUTNINGSVERÐMÆTI AUKIST UMTALSVERT

Útflutningur UT jókst um 87% frá 2010-2019, á verðlagi ársins 2020. Þar af jókst útflutningur fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónustu um 184% og gjöld vegna notkun hugverka tvöfölduðust á sama tíma. Á milli 2018 og 2019 jókst þjónustuútflutningur í UT um 25%.

Í alþjóðlegum samanburði flytja Íslendingar hlutfallslega lítið út af upplýsinga- og tækniþjónustu þegar horft er til hlutdeildar í þjónustuútflutningi. Gjöld fyrir notkun hugverka og fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónustu mynduðu að meðaltali 9% af þjónustuútflutningi Íslendinga á árunum 2010-2019 og á árinu 2018 um 12%. Evrópumeðaltalið árið 2018 var 19%.

Þá voru gjaldeyrstekjur á hvern Íslending vegna UT nokkuð minni en í samanburðarlöndum en á árinu 2018 voru gjaldeyrstekjurnar um 1.500 evrur á hvern Íslending á meðan þær voru nálægt 2.000 í Svíþjóð, 4.000 í Hollandi og 21.000 í Írlandi.


Þjónustuútflutningur einkennandi greina UT, verðlag ársins 2020



FRAMLEIÐNI OG LAUN HÆRRI EN Í ÖÐRUM GREINUM

Verðmætasköpun í UT hefur farið ört vaxandi frá árinu 2010. Á árinu 2018 var verðmætasköpun að meðaltali um 16 milljónir króna á hvern launþega samanborið við 8,5 milljónir árið 2010. Á tímabilinu nemur aukningin tæplega 92%. Í einkageiranum í heild var verðmætasköpun að meðaltali 13,5 milljónir á hvern launþega árið 2018 og hefur aukist um 19% frá árinu 2010. Þetta gefur til kynna að framleiðni í UT hafi vaxið hratt umfram það sem gerðist í einkageiranum á sama tíma.

Framleiðnimælikvarðar, meðaltal 2015-2018



Á árunum 2015-2018 var launakostnaður á hvern launþega á ári rúmar 10 milljónir innan UT samanborið við tæpar 7 milljónir að meðaltali innan einkageirans. Á árinu 2018 var meðallaunakostnaður á hvern launþega innan UT ríflega 11 milljónir, en í einkageiranum rúmar 7 milljónir. Á umræddu tímabili hækkaði meðaltal launakostnaðar í UT um 68% að nafnvirði á meðan laun innan einkageirans í heild hækkuðu um 56%. Ekki er leiðrétt fyrir vinnutíma og öðrum þáttum sem gætu haft áhrif á útreikninga en framanritað gefur ákveðnar vísbendingar um að upplýsingatækniðnaðurinn skapi eftirsóknarverð og vel launuð störf.

FÁAR EINKALEYFISUMSÓKNIR

Einn mælikvarði á nýsköpunarþrótt greinarinnar má finna í gögnum OECD um einkaleyfisumsóknir Íslendinga til Evrópsku einkaleyfastofunnar. Þegar OECD gögn um einkaleyfisumsóknir í UT innan Evrópu eru leiðrétt m.t.t. fólksfjölda kemur í ljós að Ísland stendur öðrum löndum langt að baki. Þannig sóttu Íslendingar um 1,7 UT einkaleyfi að meðaltali árin 2011-2017 eða um 5 einkaleyfi á hverja milljón íbúa. Ísland raðar sér þar í hóp með Balkanlöndum. Sambærileg tala í Svíþjóð er 148 og Finnlandi 128 en evrópska meðaltalið er 19. Því mætti segja, út frá þessu mælikvarða, að UT á Íslandi búi aðeins yfir fjórðungi af nýsköpunarþrótti kollega í Evrópu. Hvers vegna svo fáar umsóknir um einkaleyfi berast frá Íslandi verður ekki auðsvarað. Hins vegar mætti ástæðuna ef til vill að einhverju leyti rekja til lágrar hlutdeildar fólks með STEM-færni á íslenskum vinnumarkaði en Ísland rekur þar lestina í hópi OECD landa.

Fjöldi einkaleyfaumsókna á hverja milljón íbúa, meðaltal 2011-2017

